

# Málshöfundunin

gegn Brynjólfi Bjarnasyni náttúrufræðingi.

Mér þótti fyrir margra hluta sakir leitt að fréttu að sakamál væri höfðað gegn cand. phil. Brynjólfi Bjarnasyni fyrir guðlast. — Sjálfa hina saknæmu grein hefi eg ekki séð, en eftir tilvitnuninni í Mbl., virðist ekki ólíklegt að vakað hafi fyrir höfundinum, að segja eitthvað á þá leið, að guði sé lýst eins og hann væri harðstjóri o. s. frv. og verður því ekki neitað, að jafnvel prestarnir tala oft um guð, eins og ekki væri um góða veru að ræða, og kemur þó auðvitað engum til hugar að hefja neina ofsókn gegn prestunum af þeim sökum.

Mér er illa við þessa málshöfundun bæði af almennum ástæðum og sérstökum. Allar ráðstafanir til að hefta ritfrelsi hafa illa gefist. Reynslan orðið á þá leið að það sé miklu fremur hið góða en hið illa, sem bannað er. En af sérstökum ástæðum vil eg telja þá fyrst, að fyrir foreldra Brynjólfs, og einkum heilsuþiladna móður, mundi sekt hans verða það slag, sem ómaklegt væri og ómannúðlegt að veita. Í öðru lagi: Brynjólfur er náttúrufræðingur, hefir stundað nám lengi bæði í Kaupmannahöfn og Berlín. En vér þurfum hér mjög á mönnum að halda sem kent geti náttúrufræði, og hætt við, að óvægileg meðferð þessa máls gæti orðið til að spilla fyrir Brynjólfi sem kennara.

Eg vildi því mjög óska þess, að mál þetta væri látið falla niður, og þar sem aðrir eins menn eiga í hlut og forsætisráðherra og bæjarfógeti, þá er eg að visu vongóður um, að mannúðarsjónarmiðið verði meira metið en lagastafurinn. — Miskunnsemi er hin besta guðrækni.

10. apríl.

Helgi Péturss.

*Utsis 17 apríl 1925*